

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**653. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. júlí 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss
2. Fjallskilastjórnir Hrútfirðinga og Miðfirðinga mæta til viðræðna.
3. Fundarboð á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 29 sept.-1. okt. 2010
4. Fundargerð SSNV frá 21. júní 2010
5. Heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Fundargerð 113. fundar fræðsluráðs.
7. Fundargerð 182. fundar skipulags-og umhverfisráðs.

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir og viðhald s.s.við vatnsveitu í Mjóadal hreinsun á vatnstank, vaðpott í sundlaug, viðhald gatna, vatnslögn að íþróttavallasvæði, bílastæði við íbúðir aldraðra í Nestúni ofl.
2. Fulltrúar fjallskiladeilda Hrútfirðinga og Miðfirðinga eru mættir til fundar við byggðarráð um endurnýjun girðingar milli afréttarlanda viðkomandi fjallskiladeilda.
3. Lagt fram fundarboð á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri dagana 29. september til 1. október n.k. Fulltrúar Húnaþings vestra á þinginu verða Leó Örn Þorleifsson og Elín R. Líndal.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð SSNV frá 21. júní 2010.
5. Lagt fram til kynningar fréttatilkynning um heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. .
6. Lögð fram fundargerð 113. fundar fræðsluráðs frá 24. júní 2010. Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
7. Lögð fram fundargerð 182. fundar skipulags-og umhverfisráðs frá 1. júlí 2010. Fundargerðin er í 2 liðum. Byggðarráð samþykkir að vísa 1. lið aftur til skipulags-og umhverfisráðs þar sem ekki hefur farið fram grenndarkynning. Annar liður fundargerðarinnar samþykktur samhljóða.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl 16:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir (sign.),  
Elín R. Líndal (sign.),  
Áheyrnarfulltrúi:  
Elín Jóna Rósinberg(sign.).

Leó Örn Þorleifsson(sign.),  
Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari(sign.),